

Útgáfutónleikar Höllu Norðfjörð í Reykjahlíðarkirkju

laugardaginn 16. ágúst kl. 20.00

Í tilefni af útgáfu hljómdisks mun Halla Norðfjörð halda tónleika í samstarfi við **Menningarfélagið Gjallanda**



Miðaverð kr. 1500.

Því miður er ekki hægt að taka greiðslu með kortum. Halla Norðfjörð er þátttakandi í þróunarverkefninu *Aftur heim* í Reykjahlíðarkirkju 16. ágúst kl. 20.



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

29. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 13. ágúst 2014

Afmælisbörn dagana 14. ágúst — 20. ágúst 2014

14. Þórhildur Jónsdóttir.
15. Aðalsteinn Dagsson.
17. Arnar Halldórsson, Hulda Harðardóttir.
20. Guðbjörg Eyjólfsdóttir, Karen Líf Sigurðardóttir.



Fermingarguðsþjónusta með altarisgöngu
verður í Víðirhólskirkju
n.k. laugardag 16. ágúst kl. 14:00.

Sr. Örnólfur



Mývetningar ath.

Rotþróarbíll er væntanlegur núna í ágúst og eru þeir sem hafa hug á að láta losa hjá sér rotþrær beðnir um að hafa samband við Lárus í síma 862 4163 sem allra fyrst þar sem dagsetning er ekki á hreinu og gæti jafnvel orðið í þessari viku.

Ráðsmaður



Fornir fimmtudagar 2014

Af óviðráðanlegum orsökum fellur niður fjórða og síðast heimsóknin þetta árið, sem vera átti fimmtudaginn 14. ágúst.

Við þökkum öllum þeim sem mætt hafa í heimsóknir sumarsins kærlega fyrir þátttökuna. Sjáumst hress á næsta ári.

Hið þingeyska fornleifafélag.



**Skúli mennski og hjómsveit
skemmta gestum í Gamlabænum
sunnudaginn 17. ágúst kl. 22:00.**

Tilboð í mat og drykk.

Hlökkum til að sjá sem flesta.

Starfsfólk Gamla Bistro.

Frá Félagi eldri Mývetninga.

Fyrirhugaðri dagsferð er frestað í bili vegna lélegrar þátttöku og slæms veðurútlits. Höldum málinu volgu.

Kveðja, stjórnin
Sigga, s: 464 4179, Finnur, s: 865 9775
og Guja, s: 464 4235.

Mýflugan

**Kæru lesendur
og viðskiptavinir.**

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.